

bænda
FERÐIR

ÍTALÍUDRAUMUR



12. – 26. júní 2026

Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Sumar 10

Ítalía

Ferðalýsing

Hér er í boði sannkallaður Ítalíudraumur. Ferðin hefst í **Pescara** en þaðan er ekið til perlunnar **Vieste** í **Puglia** héraði þar sem er ævintýri líkast að sigla með hvítri, klettóttri Gargano ströndinni. Frá Vieste verður farið í hrífandi pílgrímsbæinn **San Giovanni Rotondo** ásamt bænum Monte Sant'Angelo en þaðan er ægifagurt útsýni yfir Manfredonia flóann. Nú bíður okkar **Torre Canne** við Adríahafið en á leið þangað skoðum við tilkomumikla kastalann Castel del Monte og komum við í sjarmerandi Volare bænum **Polignano a Mare**. Heillandi og ævintýrlegur er bærinn **Alberobello** en hann er einn áhugaverðasti staður **Trulli svæðisins** og er varðveittur á heimsminjaskrá UNESCO. Hér gefur að líta hvítkölkuð steinhús með keilupökum sem bera nafn svæðisins og eru kölluð Trulli hús. Við komum í hvítu borgina **Ostuni** sem tekur á móti okkur í allri sinni dýrð og eins er mögnuð upplifun að koma til **Matera** þar sem heilu húsin og hallirnar eru grafnar inn í klettana. Vart er hægt að hugsa sér betri endi á Ítalíudraumi en í **Sorrento** við Napólíflóa og þar munum við njóta ljúfra daga. Á leiðinni verður að í **Pompei** sem geymir frægustu fornminjar veraldar. Farið verður í ævintýrlega siglingu til **Caprí**, sæbrattrar klettaeyju þar sem siglt verður í Bláa hellinn og farið með stólalyftu upp á hæsta fjall eyjunnar. Stórbrotin náttúrufegurð umleikur okkur í þessum dásamlega Ítalíudraumi.

15 dagar | 14 nætur

1 nótt Pescara | 4 nætur Vieste | 5 nætur Torre Canne | 4 nætur Sorrento



12. júní | Flug til Rómar & Pescara

Brottför frá Keflavík kl. 08:15 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Róm kl. 15:00 að staðartíma. Þaðan verður ekið til borgarinnar Pescara í héraðinu Abruzzan þar sem gist verður í eina nótt á hóteli við Adríahafs ströndina.

13. júní | Pescara & Vieste við Gargano ströndina

Eftir góðan morgunverð verður ekið suður að sporanum á hæl Ítalíustígvélsins og inn á Gargano fjalllendið sem rómað er fyrir fagrar strendur milli stórbrotinna kletta. Höldum til bæjarperlunnar Vieste við Gargano ströndina en hér gistum við fjórar nætur. Á hótelinu er sólbaðsaðstaða með útisundlaug og það tekur u.þ.b. 5 mínútur að ganga að ströndinni.



14. júní | Skoðunarferð í Vieste & sigling með Gargano ströndinni

Við byrjum á því að fara í skemmtilega skoðunarferð um þennan undurfagra bæ sem er einn af stjörnum Gargano strandarinnar. Eftir hádegishressingu væri upplagt að fara í siglingu með fram suðurhluta Gargano strandarinnar og virða fyrir sér ægifagra hvíta kletta og hella milli skjólsælla sólríkra stranda. Hér lætur fegurðin ekki á sér standa.



15. júní | Monte Sant'Angelo & San Giovanni Rotondo

Í dag bíður okkar bærinn Monte Sant'Angelo sem liggur hæst allra bæja Gargano fjallanna og trónir sem kóróna í 850 m hæð. Þaðan er ægifagurt útsýni yfir Manfredonia flóann og sléttur Foggia héraðsins. Monte Sant'Angelo er einn mikilvægasti pílgrímsstaður Apulía og Evrópu en sagan segir að Mikael erkiengill hafi birst þar og farið fram á að hellir á svæðinu yrði helgaður Guði og myndi hann þá verja bæinn gegn árásum heiðingja. Heimsækjum hellabasilíkuna sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Við öikum síðan til San Giovanni Rotondo. Þangað koma árlega milljónir pílgríma til að heiðra heilagan föður Pio en hann var uppi frá 1887–1968 og var þekktur fyrir kraftaverkalækningar. Við munum leggja í útjaðri bæjarins og fara með lítilli bæjarlest inn í bæinn.

16. júní | Dekurdagur í Vieste



Nú gefst tækifæri til að slaka á og njóta þessa dásamlega bæjar. Upplagt er að fara í göngu með ströndinni eða taka sundsprett í Adríahafi. Einnig er alltaf gaman líta inn í litlar, forvitnilegar verslanir og kynna sér líf bæjarbúa. Þeir sem vilja láta fara vel um sig á hótelinu geta nýtt góða aðstöðu þess og sett tærnar upp í loft við sundlaug hótelsins.

17. júní | Castel del Monte, Polignano a Mare & Torre Canne

Nú öikum við suður Puglia héraðið á fallegasta stígvélahæl í heimi og áleiðis til Torre Canne. Á leiðinni þangað verður staldrað við í Castel del Monte kastalanum sem Friedrich II Stauffer keisari lét byggja. Kastalinn sameinar mismunandi stíla í byggingarlist og er einn mesti fjársjóður Apulía. Eftir það verður að í Polignano a Mare sem er við Adríahafið og er einn af fallegustu bæjum Puglia héraðs. Bærinn er oft kallaður Volare bærinn þar sem hann er fæðingarstaður Domenico Modugno, ítalska söngvarans sem samdi og flutti fræga Volare lagið og á aðaltorginu við sjóinn er stytta af Modugno. Við röltum um bæinn og sjáum fallegustu staði Polignano a Mare, Lama Monachile ströndin er einstaklega heillandi og auðvitað verður hægt að fá sér hressingu. Að lokum verður ekið í nágrenni Torre Canne þar sem gist verður á góðu hóteli við Adríahafið í 5 nætur. Á hótelinu er útisundlaug en einnig er gengið beint frá hótelparkinum að sandströnd með sólhlífum og sólbekkjum þar sem hægt er að njóta afslappandi stunda í sólbaði og synda í kristaltæru vatninu.



18. júní | Alberobello, Trulli hús & Ostuni

Þessi ævintýradagur byrjar í bænum Alberobello, miðstöð Trulli svæðisins í Puglia. Heimsókn í Alberobello er mikil upplifun en árið 1996 var bærinn settur á heimsminjaskrá UNESCO fyrir sérkennilegar byggingar. Þar eru um 1.000 lítil og hringlaga, hvítkölluð, hlaðin steinhús með keilubökum. Húsin eru einkennandi fyrir svæðið og voru notuð sem hús hjarðmanna og bænda en í stærsta húsinu er að finna merkilegt safn.

Einstaklega heillandi er að ganga um götur bæjarins þar sem finna má fjölda minjagripaverslana og víða býðst að smakka á fljótandi gulli heimamanna, ólífúolíunni sem á þessum slóðum drýpur af hverju strái. Sameiginleg hádegishressing verður í einu af Trulli húsum bæjarins.

Að lokum sækjum við heim borgina sem betur er þekkt sem Hvíta borgin. Þessi einstaklega töfrandi borg Ostuni

með hvítkölluðum húsum sínum líkist helst stórri rjómatertu þegar bærinn ber við augu. Hér ætlum við að skoða okkur um og njóta suðrænnar sælu í þessum fagra bæ.



19. júní | Hellaborgin Matera & frjáls tími



Það er mikil upplifun að koma til borgarinnar Matera sem er á dagskrá okkar í dag en hún hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO frá árinu 1993. Ólýsanlegt er að koma þangað og sjá hús, kirkjur og hallir frá 4. öld f. Kr. sem hoggnar eru inn í bergið og minna á gömlu Jerúsalem eða katakompurnar. Árið 1950 bjuggu enn um 20.000 manns hér en þessir hellabústaðir eru kallaðar Sassi. Eftir skemmtilega og áhugaverða skoðunarferð verður frjáls tími til að njóta staðarins og fá sér hressingu.

20. júní | Virkisbærinn Otranto

Í dag verður ekið til virkisbæjarins Otranto sem skartar framandi grískum blæ og þar er umhverfið dásamlegt. Dómkirkjan er fræg vegna kirkjugólfsins sem er lagt mósaík en um 10 milljónir steina segja 700 sögur, til að mynda sögur mánaðanna og ýmissa hetja mannkynssögunnar. Þetta stórvirki listasögunnar er gott dæmi um þrotlaust strit listamanna fyrri tíma. Bærinn er yndislegur og fegurðin við Adríahafið er einstök. Við gefum okkur góðan tíma til að njóta alls sem bærinn hefur upp á að bjóða. Á góðum degi sést þaðan alla leið yfir til Albaníu.

21. júní | Rólegheit í Torre Canne

Nú var kominn tími á að vera í rólegheitum og slökun á þessum fagra stað. Upplagt að nota aðstöðuna við hótelið, fara í göngu með ströndinni eða taka sér sundsprett í Adríahafi. Einnig er hægt að fara í göngu inn í bæinn Torre Canne sem er um 1200 metrum frá hótelinu.



22. júní | Pompei & Sorrento

Nú kveðjum við Torre Canne eftir yndislega dvöl og er stefnan tekin á Sorrento við Napólíflóa, einn fallegasta flóa landsins. Á leiðinni þangað heimsækjum við Pompei og lítum á einhverjar frægustu fornminjar veraldar. Rústir gömlu Pompei eru eitt stórkostlegasta dæmið um fornleifauppgröft heillar byggðar og mun heimamaður leiða okkur í allan sannleikann um söguna. Eftir að hafa staldrað við í Pompei drykklanga stund höldum við áfram til Sorrento. Bærinn er einstaklega heillandi, byggður í bröttum hlíðum þar sem vaxa ólífur- appelsínu- og sítrónutré en þess má geta að Limoncello líkjörinn frægi kemur frá þessu svæði. Gist verður í fjórar nætur í Sorrento á góðu hóteli en þaðan er stórkostlegt útsýni yfir Napólíflóann.



23. júní | Dagur í Sorrento við Napólíflóa



Dagurinn er tilvalinn til afslöppunar. Fararstjórinn býður upp á stutta skoðunarferð um bæinn og eftir það er upplagt að kanna dásamlegt umhverfið í Sorrento, eins eftirsóttasta ferðamannabæjarins á Sorrento skaganum. Í bænum er fjöldinn allur af þröngum, gömlum götum, fögrum kirkjum og glæstum byggingum.

24. júní | Sigling yfir á eyjuna Caprí

Nú verður siglt yfir á eyjuna Caprí, perlu Napólíflóans. Við skoðum eyjuna, siglum að Bláa hellinum, Grotta Azzurra, og förum upp til Anacapri þar sem við njótum stórfenglegs útsýnis. Áhugasömum gefst einnig tækifæri til að fara með stólalyftu upp á fjallið Monte Solaro en þar lætur fegurðin ekki á sér standa. Jafnframt verður komið í bæjarhlutann Caprí og hægt verður að skoða alls kyns handunnar vefnaðarvörur eins og kniplinga, dúka og fatnað.



25. júní | Rólegheit & slökun í Sorrento

Á þessum dýrðardegi er slökun og rólegheit á dagskrá. Nú er hægt að njóta alls sem staðurinn hefur upp á að bjóða og baða sig í náttúrufegurð Napólíflóa.

26. júní | Heimferð frá Róm

Þá er Ítalíudraumurinn á enda eftir yndislega daga og skemmtilega samveru. Ekið verður til Róm en brottför þaðan er kl. 16:20 og landing í Keflavík kl. 19:10 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

669.900 kr. á mann í tvíbýli | 157.100 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður á hótélum.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Ferja til og frá Caprí eyju og litlir strætisvagnar um Caprí.
- ✓ Bátsferð með Gargano ströndinni.
- ✓ Aðgangseyrir að Castel del Monte kastalanum.
- ✓ Aðgangur í hellakirkjuna Monte saint'Angelo.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir, kláfa og kirkjur.
- ✓ Siglingar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjófnef.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

Valfrjálst

- ✓ Aðgangur inn í Pompei u.þ.b € 20.
- ✓ Sigling um eyjuna Capri u.þ.b € 25.
- ✓ Kláfur upp á Monte Solaro fjall u.þ.b € 15.
- ✓ Aðgangur í Hellaborgin Matera u.þ.b € 18.



Nánari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.

Hótel

- ✓ Pescara – Hotel Regent
- ✓ Vieste – Hotel degli Aranci
- ✓ Toree Canne – Hotel del Levante
- ✓ Sorrento – Grand Hotel Vesuvio